

því er dregið heitið vildarréttur, en á flestum tungum Evrópu er notað „pósítívismi“ í ýmsum myndum. Stefnur sem við hann eru kenndar geta birt á margvíslegan hátt, en það sem sameinar þær er að eðlisréttarhugmyndum er hafnað.“

- 3.. Söguleg umfjöllun í þessari grein er að miklu leyti byggð á grein undirritaðs „Eflings dómsvalds“ í *Frelsinu*, 3. hefti 1987, 133–141. bls. Sjá einnig John Henry Merryman: *The Civil Law Tradition*, (Stanford University Press, 1982).
4. Sigurður Línal: „Stjórnarskrá og mannréttindi“ í *Skírni*, haustið 1995, 373. bls.
5. Viðhorfum dómara um þessi efni er t.d. lýst í ritstjórnargrein í *Tímariti lögfræðinga*, (41. árg. 1991), 81–85. bls. Einnig má benda á greinina „Svör dómara við opinberri gagnrýni“ eftir Þór Vilhjálmsson í *Tímariti lögfræðinga* (42. árg. 1992) 15.–18. bls. Umræður um nauðsyn rökstuðnings í forsendum dóma er að finna í greininni „Gagnrýni á dómstólana og forsendur dóma“ eftir Hjördísi Björk Hákonardóttur í *Skírni*, vorið 1988, 164. bls. Svargreinin „Rökfærsla í dómum og stjórnvaldsákvörðunum“ eftir Þór Vilhjálmsson birtist í *Skírni*, haustið 1988, 378. bls. Sjá hér einnig Garðar Gíslason: „Rökstuðningur dóma“ í *Tímariti lögfræðinga*, (39. árg. 1989), 145. bls.
6. Jón Steinar Gunnlaugsson: „Kenningar og veruleiki“ í *Tímariti lögfræðinga*, (41. árg. 1991), 243. bls.
7. Páll Hreinsson: „Sérstakt hæfi dómara“ í *Tímariti lögfræðinga*, (40. árg. 1990), 240. bls.
8. Dóra Guðmundsdóttir: „Um lögtöku Mannréttindasáttmála Evrópu og beitingu í íslenskum rétti“ í *Tímariti lögfræðinga*, (44. árg. 1994), 157. bls.
9. Bruce Allen Murphy: *The Brandeis/Frankfurter Connection*, (Oxford University Press, 1982), 260–61. bls.
10. Sigurður Línal: „Þáttur Hæstaréttar í réttarþróun á Íslandi“ í *Tímariti lögfræðinga*, (45. árg. 1995), 97. bls.

TJÁNINGARFRELSI OG SKOÐANAFRELSI SÉRSTAKLEGA Í UMRÆÐUM UM ALMENN MÁLEFNI

MEÐ LÖGFESTINGU MANNRÉTTINDASÁTTMÁLA Evrópu árið 1994 og endurskoðun mannréttindakafla stjórnarskrárinnar á árinu 1995 var vernd mannréttinda hér á landi treyst til mikilla muna. Mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar höfðu þá staðið svo til óbreytt frá árinu 1874. Þó að Íslendingar hafi að þjóðarétti skuldbundið sig þegar á árinu 1953 til þess að hlíta ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu frá 1950, fengust íslenskir dómstólar ekki til þess að beita ákvæðum hans í dómum hér á landi fyrr en eftir að íslenska ríkið hafði tapað málum fyrir mannréttindastofnunum Evrópuráðsins í Strasbourg. Íslenskir dómstólar höfðu einatt beitt þeim rökstuðningi, að ákvæði sáttmálans hefðu ekki verið lögtekin hér á landi, sjá til dæmis H 1987.356. Frá og með árinu 1990 hafa íslenskir dómstólar hins vegar viðurkennt, að skýra beri íslensk lög með hliðsjón af mannréttindasáttmála Evrópu. Varð Hæstiréttur að sjálfsögðu að ríða fyrstur á vaðið í þessu efni. Kemur þetta fram í allmörgum dómum réttarins frá árinu 1990, til dæmis H 1990.2 og H 1990.266.

NÝ ÁKVÆÐI UM VERND SKOÐANA- OG TJÁNINGARFRELSIS

Skoðana- og tjáningarfrelsi voru meðal þeirra mannréttinda, sem stóráukna vernd hlutu með lögfestingu mannréttinasáttmálans og hinu nýja ákvæði í 73. grein stjórnarskrárinnar. Þessi réttindi teljast til hinna svokölluðu pólitísku grundvallarréttinda, og þau hafa löngum verið talin meðal þeirra mannréttinda, sem mesta þýðingu hafa fyrir lýðræðisskipulagið. Tíunda grein mannréttinasáttmálans og 73. grein stjórnarskrárinnar leystu af hólmi hið gamla prentfrelsisákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. 73. grein stjórnarskrárinnar er svohljóðandi:

Allir eru frjálisir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.

Efnislega á 73. grein stjórnarskrárinnar að vera í samræmi við 10. grein mannréttinasáttmálans, þó að ákvæði 10. greinarinnar séu talsvert ítarlegri og orðuð með nokkuð öðrum hætti.¹

MANNRÉTTINDASÁTTMÁLINN VEITIR LÁGMARKSVERND

Ákvæðin í réttindaskrá mannréttinasáttmálans veita mannréttindunum lágmarksvernd, sem ríkjunum er óheimilt að takmarka umfram það, sem sáttmálinn kveður á um. Ríkjunum er aðeins heimilt að auka við mannréttindaverndina frá því sem gert er í sáttmálanum.² Á þetta meðal annars við um skoðana- og tjáningarfrelsi.

Þess skilnings verður stundum vart hjá ríkjunum og dómstólum þeirra, að ríkin fullnægi skyldu sinni til mannréttindaverndar svo framarlega sem þau fylgja fordæmum Mannréttindanefndarinnar og Mannréttindadómstólsins. Svo þarf þó alls ekki að vera. Ef stjórnarskrárákvæði eða önnur lagaákvæði í

innanlandsrétti veita mannréttindum betri vernd en ákvæði mannréttinasáttmálans, eins og hann hefur verið skýrður, ber ríkjunum að veita borgurum sínum fyllstu mannréttindavernd samkvæmt eigin rétti, en ekki skjóta sér á bak við þá lágmarksvernd, sem mannréttinasáttmálinn veitir. Hin hlið málsins er síðan sú, að teljist innanlandsrétturinn veita mannréttindum lakari vernd heldur en mannréttinasáttmálinn, svo sem hann hefur verið framkvæmdur, verður að láta verndina samkvæmt sáttmálanum ráða, enda eru ríkin skuldbundin til þess að þjóðarétti og nú mörg hver að innanlandsrétti sínum einnig.

Í einu efni að minnsta kosti gengur tjáningarfrelsisvernd stjórnarskrárinnar lengra heldur en 10. grein mannréttinasáttmálans. Samkvæmt stjórnarskrárákvæðinu er ritskoðun á hvers konar tjáningu fortakslaut bönnuð. Svo hefur hins vegar verið litið á, að í 10. grein mannréttinasáttmálans felist ekki algjört bann við ritskoðun eða öðrum sambærilegum tálmunum á tjáningarfrelsi. Þó er það augljóst af úrlausnum Mannréttindanefndarinnar og Mannréttindadómstólsins, að slíkar tálmanir eru illa séðar.³ Þá eru þær heimildir til skerðingar á tjáningarfrelsinu, sem taldar eru í 3. málsgrein 73. greinar færri heldur en skerðingarheimildirnar í 2. málsgrein 10. greinar mannréttinasáttmálans. Það ræðst þó væntanlega af túlkun, hvort einhver munur verður í reynd á skerðingarheimildum þessara tveggja réttarákvæða.

Í einu efni virðist það hafa verið ætlun íslenska stjórnarskrárgjafans að ganga nokkru skemmra í tjáningarfrelsisverndinni en gert er í 10. grein mannréttinasáttmálans. Það er í lokaákvæði 3. málsgreinar 73. greinar um skilyrðin fyrir skerðingarheimildunum, en þar segir „enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum“. Í 2. málsgrein 10. greinar mannréttinasáttmálans er þetta hins vegar orðað svo um skerðingarheimildirnar, að til þeirra þurfi „nauðsyn [að bera] í lýðræðislegu þjóðfélagi“. Í upphaflega frumvarpinu til stjórnarskrárbreytingarinnar 1995 var ekki gert ráð fyrir því, að í 73. grein væri orðað það kjarnaatriði, að skerðing á tjáningarfrelsinu verði að uppfylla það skilyrði, að nauðsyn beri til hennar í lýðræðislegu þjóðfélagi. Fyrir þrýsting utan þings og innan var þetta skilyrði þó tekið upp í stjórnarskrárákvæðið í meðferð þingsins, en þá með því orðalagi, sem áður er getið. Virðist nokkuð ljóst, að ætlunin hafi verið með þessum orðalagsmunum að þrengja merkingu frá því,

sem er í 10. grein mannréttindasáttmálans, og bendir orðalagið og aðdragandinn helst til þess, að ákvæðinu sé ætlað að vísa til einhverra séríslenzkra lýðræðishefða.⁴ Reyni á framangreindan orðalagsmun fyrir dómstólum virðist einsýnt, að það orðalag, sem veitir tjáningarfrelsinu betri vernd, verði látið ráða. Með hliðsjón af aðdraganda stjórnarskrárákvæðisins virðist ákvæði 10. greinar mannréttindasáttmálans að þessu leyti veita nokkru viðtakari vernd heldur en 73. grein stjórnarskrárinnar gerir samkvæmt orðalagi sínu.

Þetta er ef til vill dæmi um það, að á réttindaákvæði mannréttindasáttmálans beri að líta ekki aðeins sem stjórnarskrárigildi, heldur og, að þau geti staðið stjórnarskrárákvæði framur, það er ef ákvæði sáttmálans veitir ríkari mannréttindavernd heldur en ákvæði stjórnarskrár gerir. Að minnsta kosti yrði að skýra efni umrædds orðalags í 73. grein stjórnarskrárinnar með hliðsjón af efni og orðalagi 10. greinar mannréttindasáttmálans, svo að stjórnarskrárákvæðið veiti ekki lakari vernd en ákvæði sáttmálans.

HEIMILDIR TIL SKERÐINGAR Á TJÁNINGARFRELSI — OG TAKMÖRK ÞEIRRA

Í þeim tjáningarfrelismálum, sem til Mannréttindadómstólsins er skotið, reynir að sjálfsögðu ævinlega á það, hvort heimildir í innlendum lögum til skerðingar á tjáningarfrelsi eru taldar samrýmast skerðingarheimildum 10. greinar mannréttindasáttmálans.

Eins og í 73. grein stjórnarskrárinnar segir, þurfa skerðingarheimildirnar að uppfylla þrjú skilyrði — og uppfylla þau öll. Í fyrsta lagi verða skorður á tjáningarfrelsi að vera settar með lögum. Í öðru lagi verða skorðurnar að þjóna nánar tilteknum lögmætum markmiðum (vera „í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra“, eins og það er orðað í 73. grein stjórnarskrárinnar, en nokkru víðar í 10. grein mannréttindasáttmálans). Í þriðja lagi verða skorðurnar síðan að teljast „nauðsynlegar og samrýmast lýðræðishefðum“, eins og það er orðað í stjórnarskrárákvæðinu, eða að „nauðsyn ber[i] til [þeirra] í lýðræðislegu þjóðfélagi“, eins og það er orðað í 10. grein mannréttindasáttmálans.

Venjulega reynist það ríkjnum létt verk að sýna fram á, að tvö fyrstnefndu skilyrðin séu fyrir hendi, lög og eitthvert hinna

lögmæltu markmiða. Það er hins vegar, þegar kemur að matinu á því, hvort skorðurnar geti talizt nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi, að þolraun ríkjanna hefst — og eftirleiðis hér innanlands þolraun þeirra, sem þurfa að réttlæta skorður á tjáningarfrelsinu, til dæmis í meiðyrðamálum, svo að raunhæft dæmi sé tekið. Þetta er það skilyrði, sem úrslit málanna velta í raun og veru á. Ber til þess nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi, að til dæmis sé gerð refsing fyrir ákveðin ummæli, sem stefnt er út af, þótt hvassyrst séu?

Nauðsynjarreglan gerir ráð fyrir mati, og matssvigrúm er nokkurt, þegar úr því er skorið, hvort þetta skilyrði telst vera fyrir hendi. Við það mat eru þau markmið, sem að er stefnt með skorðum á tjáningarfrelsi, lögð á aðra vogarskálina, en þær afleiðingar, sem áfellisdomur er talinn hafa fyrir tjáningarfrelsið, eru lagðar á hina.

Samkvæmt túlkun Mannréttindadómstólsins felur orðið „nauðsyn“ í þeirri merkingu, sem það hefur í 10. grein mannréttindasáttmálans, það í sér, að til þurfi að vera „knýjandi samfélagsleg nauðsyn“ [„pressing social need“]. Játa verður, að efni skilyrðisins virðist ekki miklu glegggra þrátt fyrir þessa viðbótarskýringu, en fær hins vegar mun skýrari merkingu, þegar Mannréttindadómstóllinn bætir við: „[V]erkefni dómstólsins er að horfa á þær skorður, sem undan er kvartað, í ljósi málsins í heild og komast að niðurstöðu um það, hvort skorðurnar [á tjáningarfrelsinu] hafi verið „hóflegar [„proportionate“] miðað við það lögmæta markmið, sem stefnt var að“ og hvort þær röksemdir, sem beitt hefur verið af hinum innlendu yfirvöldum til þess að réttlæta þau „skipti máli og séu fullnægjandi“ [séu „relevant and sufficient“].⁵

Þarna er sérstaklega meðalhófsreglan komin til sögunnar, en af henni leiðir í þessu sambandi, að ekki skuli frekari skorður lagðar á tjáningarfrelsið en nauðsyn ber til. Það ber að meta í hverju tilviki, hvort skerðing á tjáningarfrelsi geti talizt viðbrögð við samfélagslegri nauðsyn, er sé nægilega knýjandi til þess að vikið verði til hliðar þeim almannahagsmunum, sem felast í tjáningarfrelsinu.⁶ Meðalhófsreglan er einnig vandmeðfarin og felur í sér mat, leitina að hinum gullna meðalvegi, svo að glímt er við mat alveg til enda sérhvers máls. Á þessi sömu matssjónarmið mun eftirleiðis reyna með sama hætti fyrir íslenskum dómstólum, og hefur það reyndar nú þegar komið

fram í dómaframkvæmdinni, sjá til dæmis H 1996.40 og dóm Hæstaréttar frá 17. október 1997 í málinu: Ákærvaldið gegn Connie Jean Hanes og Donald Hanes.

MARKMIÐIÐ AÐ TRYGGJA RAUNHÆFA MANNRÉTTINDAVERND

Af þeim lögskýringarsjónarmiðum, sem hafa ber í huga við skýringu á réttindaákvæðum mannréttindasáttmálans, þar á meðal á 10. greininni, gnæfir hæst það sjónarmið, að leggja beri megináherzlu á markmið sáttmálans og tilgang, eins og þeim er lýst í inngangsorðum hans. Þar lýsa aðildarríkin eindreginni trú sinni á það mannfrelsi, sem er undirstaða réttlætis og friðar í heiminum og bezt er tryggt, annars vegar með virku, lýðræðislegu stjórnarfrari og hins vegar með almennum skilningi og varðveislu þeirra mannréttinda, sem eru grundvöllur frelsisins. Ennfremur er meðal annars vísað til þess markmiðs að tryggja almenna og raunhæfa viðurkenningu mannréttinda. Mannréttindastofnanir Evrópuráðsins hafa margsinnis ítrekað þessi sjónarmið í úrlausnum sínum og lagt á það áherzlu, að við skýringu og beitingu sáttmálans verði við það að miða, að honum sé ætlað að tryggja raunverulega og árangursríka vernd mannréttinda.⁷ Samkvæmt þessu verður að túlka þröngt öll ákvæði, sem ætlað er að skerða réttindi samkvæmt mannréttindasáttmálanum.⁸ Þessi sömu sjónarmið hljóta að verða uppi við skýringu á mannréttindaákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar. Það er mannréttindaverndin, sem er megintilgangur þeirra og markmið. Skerðingarheimildir ber því að túlka þröngt, og það verður að sýna fram á nauðsyn skerðingar með sannfærandi hætti. Hæstiréttur Íslands hefur í allmörgum dómum sínum á síðustu árum kveðið á um það, að skýra beri íslensk lög, þar á meðal stjórnarskrána, með hliðsjón af mannréttindasáttmála Evrópu. Má í þessu sambandi benda sérstaklega á dóm réttarins í H 1995.1444.

FORDÆMISGILDI ÚRLAUSNA MANNRÉTTINDASTOFNANANNA

Í 2. grein laganna frá 1994 um lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu hér á landi segir svo:

Úrlausnir mannréttindanefndar Evrópu, mannréttindadómstóls Evrópu og ráðherranefndar Evrópuráðsins eru ekki bindandi að íslenskum landsrétti.

Vissulega er þetta tæknilega rétt, og þessi hefði verið staðan, þótt ekkert hefði verið kveðið á um það í lögnum. Í reynd er það hins vegar svo og var orðið svo síðustu árin fyrir lögfestingu mannréttindasáttmálans að úrlausnir Mannréttindanefndarinnar og Mannréttindadómstólsins hafa ríkt fordæmisgildi eða heimildargildi fyrir íslenska dómstóla.⁹ Úrlausnir þeirra hafa einnig leitt til lagabreytinga hér á landi. Úrlausn Mannréttindanefndarinnar í máli Jóns Kristinssonar gegn Íslandi á árinu 1989 leiddi til setningar laganna um aðskilnað dómvalds og umboðsvalds í héraði frá 1989, og felldi Mannréttindadómstóllinn málið niður með dómi vegna þeirra réttarframbóta, sem gerðar höfðu verið hér á landi, og með vísan til þess samkomulags, sem náðst hafði eftir hina nýju laga-setningu milli Jóns Kristinssonar og íslenska ríkisins.¹⁰ Dómur Mannréttindadómstólsins í máli Þorgeirs Þorgeirsonar gegn Íslandi frá 1992¹¹ varð hin beina kveikja að því, að mannréttindasáttmáli Evrópu var leiddur í lög hér á landi tveimur árum síðar með lögum nr. 62/1994. Íslenskum yfirvöldum hafði raunar áður verið á það bent, að ástæða væri til þess að bæta úr mannréttindavernd á Íslandi. Á fyrsta starfsári sínu, 1988, hafði umboðsmaður Alþingis, Gaukur Jörundsson, skrifað þáverandi forsætisráðherra og forsetum Alþingis bréf með ábendingum í þessa átt og meira að segja sérstaklega varað við því, að íslenska ríkið kynni að verða dregið til ábyrgðar fyrir þeim alþjóðastofnunum, sem ætlað er að framfylgja mannréttindasamningunum.¹² Þetta urðu því miður áhrínsorð, enda var ekki í tæka tíð farið eftir ábendingum umboðsmanns Alþingis um endurskoðun mannréttindaákvæða íslensku stjórnarskrárinnar og lögfestingu mannréttindasáttmála.

Í framtíðinni verður hér á landi mjög lítið til úrlausna mannréttindastofnananna við skýringu mannréttindaákvæða, enda eiga menn hér á landi það sem síðasta réttarræði sitt í mannréttindamálum að kæra niðurstöður íslenskra dómstóla til Mannréttindanefndarinnar í Strasbourg — eða Mannréttindasamningsnefndar Sameinuðu þjóðanna samkvæmt alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966, sbr. lög nr. 10/1979, en hér er því sleppt að fjalla nokkuð um ákvæði þess samnings.

Þar sem íslenzkir lögfræðingar munu á komandi árum líta mjög til úrlausna mannréttindastofnana Evrópuráðsins er það sjálfsagt til nokkurs fróðleiks að vitna hér til nokkurra megin-sjónarmiða, sem fram hafa verið sett í dómum Mannréttinda-dómstólsins á undanförunum árum um skoðana- og tjáningarfrelsi. Dómaframkvæmd um 10. grein mannréttinasáttmálans er nú orðin allmargbreytileg, en flest málin snúast þó um meintar ærumeiðingar, sem ratur eiga að rekja til umræðna um stjórnmal og önnur mal, er varða almannahag, sem og réttindi fjölmiðla, venjulega vegna mála af sama tagi.

Í úrlausnum mannréttindastofnananna getur jafnan að líta almennar og stefnumarkandi yfirlýsingar stofnananna varðandi þau mannréttinasvið, sem um er að tefla hverju sinni, oft miklu viðtækari heldur en strangt tekið eru nauðsynlegar til þess að skera úr ágreiningsefnunum. Það er líka mjög algengt að stofnanirnar ítreki grundvallarsjónarmið sín í hverju málinu á fætur öðru, oftast með sama eða lítt breyttu orðalagi. Þannig gefa forsendurnar í úrlausnum Mannréttindanefndarinnar og Mannréttindadómstólsins þýðingarmiklar upplýsingar um þau almennu sjónarmið, sem að baki úrlausnunum liggja. Hér á eftir verður stiklað á nokkrum yfirlýsingum varðandi skoðana- og tjáningarfrelsi, sem komið hafa fram í dómum Mannréttindadómstólsins.

TJÁNINGARFRELSIÐ: EINN AF GRUNDVALLARÞÁTTUM LÝÐRÆÐISLEGS ÞJÓÐFÉLAGS

Þýðing skoðana- og tjáningarfrelsis í lýðræðislegu þjóðfélagi og fyrir lýðræðislega stjórnskipan er sífellt áherzluatriði í dómum dómstólsins vegna meintra brota á 10. grein mannréttinasáttmálans.

Í fyrsta stefnumarkandi dómi sínum um tjáningarfrelsið, Handyside gegn Stóra-Bretlandi, sagði dómstóllinn til dæmis: „Það leiðir af eftirlitshlutverki dómstólsins, að honum er skylt að gefa sérstaklega gaum að þeim grundvallarreglum, sem einkenna „lýðræðislegt þjóðfélag“. Tjáningarfrelsi er ein af meginundirstöðum þess háttar þjóðfélags og er eitt af þýðingarmestu skilyrðunum fyrir framförum þess og fyrir þroska sérhvers einstaklings.“¹³

Í öðrum stefnumarkandi dómi sínum, sem einkum varðar frelsi í stjórnmalumræðum, Lingens gegn Austurríki, sagði dómstóllinn: „Í þessu sambandi verður dómstóllinn að minna á það, að tjáningarfrelsið, svo sem það er tryggt í 1. málsgrein 10. greinar, er einn af grundvallarþáttum lýðræðislegs þjóðfélags og eitt af þýðingarmestu skilyrðunum fyrir framförum þess og fyrir þroska sérhvers einstaklings. Með þeim takmörkunum, sem greinir í 2. málsgrein, tekur það ekki einungis til „upplýsinga“ og „hugmynda“, sem mönnum eru að skapi eða taldar eru meinausar eða litlu skipta, heldur einnig til þeirra upplýsinga og hugmynda, sem kunna að móðga menn, hneyksla þá eða raska hugaró þeirra. Þetta leiðir af kröfum um fjölhyggju, umburðarlyndi og vísýni, en því aðeins, að þær séu uppfylltar, er hægt að tala um „lýðræðislegt þjóðfélag“.“¹⁴ Þessar yfirlýsingar hafa síðan bergmálað aftur og aftur frá Strasbourg um alla Evrópu.

FJÖLMIÐLAFRELSIÐ SEM HLUTI TJÁNINGARFRELSISINS

Það leiðir af eðli málsins, að fjölmiðlar koma mjög við sögu í tjáningarfrelsisáttmálum, sérstaklega í sambandi við skrif um stjórnmal og önnur almenn málefni. Fjölmiðlafrelsið er þó ekki tryggt berum orðum í 10. grein mannréttinasáttmálans eða í 73. grein stjórnarskrárinnar. En fjölmiðlafrelsi er hluti af tjáningarfrelsinu. Í 10. grein sáttmálans er meðal annars talað um frelsi til þess að „taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum“, en það er einmitt eitt meginverkefni fjölmiðlanna. Mannréttindastofnanir Evrópuráðsins hafa því lagt sérstaka áherzlu á hlutverk fjölmiðlanna í beitingu tjáningarfrelsisins. Þannig sagði Mannréttindadómstóllinn til dæmis í Lingensmálinu í framhaldi af ummælunum, sem vitnað var til að framan um þýðingu tjáningarfrelsis í lýðræðislegu þjóðfélagi: „Þessar meginreglur hafa sérstaka þýðingu fyrir blöðin. Að visu mega blöðin ekki fara yfir þau mörk, sem meðal annars eru sett „til verndar mannorði annarra“, en það er jafnframt skylda blaðanna að miðla upplýsingum og hugmyndum um stjórnmalaleg málefni og önnur málefni, sem almenningur varða. Og það er ekki aðeins, að það sé hlutverk blaðanna að miðla slíkum upplýsingum og hugmyndum, heldur er það einnig réttur almennings að veita þeim viðtöku. ... Í þessu sambandi getur dóm-

stóllinn ekki fallt á þá skoðun, sem látin var í ljósi í dómi áfrýjunarréttar Vínarborgar, að það sé hlutverk blaðanna að miðla upplýsingum, en túlkun þeirra eigi fyrst og fremst að eftirláta lesendum. ... Með frelsi blaðanna er almenningi fengin í hendur ein bezta leiðin til þess að fá vitneskju um og mynda sér skoðun um hugmyndir og viðhorf forystumanna í stjórn-málum“.¹⁵ Síðar í sama dómi er talað um það hlutverk blaðanna að vera flytjendur upplýsinga og varðhundur almennings.¹⁶ Þessi lýsing á blöðunum og öðrum fjölmiðlum sem „varðhundum almenninga“ hefur verið endurtekin æ ofan í æ.

Hæstiréttur Íslands hefur lítt fjallað um hlutverk fjölmiðla í dómum sínum til þessa. Í H 1995.408: Kristján Þorvaldsson o.fl. gegn Gallerí Borg hf. o.fl., var þó sérstaklega vikið að fjölmiðlunum og þá í nokkuð áþekktum anda og mannréttinda-stofnanir Evrópuráðsins gera. Í þessum dómi sagði: „Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í nútímaþjóðfélagi, og verður að játa blaðamönnum frelsi til tjáningar. Hins vegar verður að gera þær kröfur til blaðamanna, að þeir byggi umfjöllun sína á vandaðri könnun á staðreyndum.“

SKOÐANAFRELSIÐ ÓSKERÐANLEGT

Í upphafsákvæði 73. greinar stjórnarskrárinnar segir, að allir séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Með þessu er skoðanafrelsinu veitt alveg sérstök vernd og viðtækari vernd heldur en tjáningarfrelsinu, sem kemur meðal annars fram í því, að skoðanafrelsið verður ekki skert með sama hætti og tjáningarfrelsið. Er þessi greining stjórnarskrárinnar á milli skoðanafrelsisins og tjáningarfrelsisins í góðu samræmi við úrlausnir mannréttindastofnana Evrópuráðsins, sem oft og tíðum telja brot á 10. grein mannréttinasáttmálans vera brot gegn skoðanafrelsi kærenda.¹⁷

Undir skoðanafrelsið falla svonefndir gildisdómar („value-judgments“). Með gildisdómum er átt við tjáningu, sem ekki felur í sér fullyrðingu um staðreyndir, en lýsir á hinn bóginn huglægu mati, sem leitt er af tilteknum staðreyndum. Að áliti Mannréttindadómstólsins er nauðsynlegt að greina af nákvæmni milli staðreynda („facts“) og gildisdóma. Unnt er að sýna fram á það, hvort staðreyndir eru tiltækar, en hins vegar

eru sannindi gildisdóma ekki hæf til sönnunarfærslu. Í fyrrnefndu máli Lingens gegn Austurríki var til dæmis talið, að þau ummæli, sem Lingens hafði verið dæmdur fyrir, væru gildisdómar og þar af leiðandi hefði verið um að ræða skoðanafrelsi hans og rétt hans til að miðla hugmyndum. Austurrísku dómstólarnir höfðu lagt áherzlu á að ganga úr skugga um það, hvort Lingens hefði tekizt að færa sönnur á ummæli sín samkvæmt tiltekinni grein hegningarlaga. Þá tók dómstóllinn fram, að þær staðreyndir, sem Lingens hefði byggt gildisdóm sinn á, væru óumdeildar, sem og það, að hann hefði verið í góðri trú. Þegar um gildisdóma væri að ræða, væri ómögulegt að uppfylla það skilyrði austurrísku hegningarlaga, að sannað væri sannleiksgildi ummæla, og slíkt skilyrði skerti sjálft skoðanafrelsið, sem væri grundvallarþáttur í þeim rétti, sem tryggður væri með 10. grein mannréttinasáttmálans.¹⁸

Í Lingensmálinu kom skýrt fram, hvaða skilyrði hinir svokölluðu gildisdómar þurfa að uppfylla. Hið huglæga mat, sem í þeim felst, verður að vera sett fram í góðri trú á sannindi þeirra staðreynda, sem matið er reist á. Í öðru máli, Barfod gegn Danmörku, taldi Mannréttindadómstóllinn þetta skilyrði ekki uppfyllt. Barfod hafði farið hörðum orðum um ólöglerða meðdómendur, sem voru starfsmenn heimastjórnarinnar í Grænlandi. Um þetta sagði dómstóllinn: „Þó að þessi staðreynd [að þeir voru starfsmenn heimastjórnarinnar] kunni að gefa tilefni til mismunandi skoðana á því, hvort dómurinn hafi verið skipaður með réttum hætti, fólst vissulega ekki í því nein sönnun þess, að í reynd hafi gætt hlutdrægni í málinu, og kærandinn [Barfod] getur ekki talizt hafa gilda ástæðu til að hafa gengið þess dulinn.“ Barfod var með öðrum orðum ekki talinn hafa verið í góðri trú á sannleiksgildi þeirra staðreynda, sem dómur hans um meðdómsmennina byggðist á.

Þó að um tjáningu skoðana eða gildisdóma sé að ræða, má orðfæri ekki keyra úr hófi. Þetta kom meðal annars fram í dómi meirihluta Mannréttindadómstólsins í máli Prager og Oberschlick gegn Austurríki. Í því máli var talið, að blaðamaður hefði haft uppi allt of viðtækar ásakanir á hendur dómara og yrðu ásakanir hans að teljast óþarflega fordómafullar, þegar þess væri gætt, að þær hefðu ekki verið nægilega studdar staðreyndum. Þessu til viðbótar var svo talið, að blaðamaðurinn hefði vanrækt svo rannsóknarskyldu fyrir greinarskrif sín, að

alvarlegar ásakanir hans á hendur dómaramum gætu ekki talizt fram bornar í góðri trú, þó að tekið væri tillit til þess, að í tjáningarfrelsi blaðamanna felist réttur til þess að ofherma að einhverju leyti og jafnvel réttur til ögrunar.¹⁹

Dómar Hæstaréttar Íslands á síðustu árum bera með sér, að rétturinn hefur í huga sömu grundvallarsjónarmið og Mannréttindadómstóllinn um skoðanafrelsið. Í dómi sínum í H 1992.401: Ákærvaldið gegn Halli Magnússyni, gekk Hæstiréttur til dæmis mjög langt í því að skýra meiðyrðaákvæði til samræmis við skýringar á ákvæðum um skoðana- og tjáningarfrelsi. Um mjög harðyrkt ummæli ákærða um séra Þóri Stephensen sagði Hæstiréttur til dæmis: „Þó að skoðanir ákærða á séra Þóri Stephensen séu ekki atriði, sem lög láta sig varða, eru þær hér settar fram á þann hátt, án fullnægjandi réttlætningar, þar sem það gæti átt við, að í þeim felst brot á 108. grein hegningarlaga.“

VÍÐTÆK HEIMILD TIL GAGNRÝNI Á VALDHAFNA

Flest þau mál, sem skotið hefur verið til Mannréttindadómstólsins vegna ætlaðra brota á 10. grein mannréttindasáttmálans, eru sprottin af áfellingdómum í aðildarríkjunum út af ærumeiðingum í umræðum um almenn málefni. Mannréttindadómstóllinn hefur lýst því yfir, að „frelsi til stjórn málaumræðu sé kjarnaatriði í hugmyndinni um lýðræðislegt þjóðfélag, sem gengur eins og rauður þráður í gegnum mannréttindasáttmálann“, svo að enn sé vitnað til Lingensdómsins.²⁰ Í máli Þorgeirs Þorgeirsonar gegn Íslandi tók dómstóllinn það sérstaklega fram, að í forðæmisrétti hans væri ekki að finna grundvöll fyrir því að gera greinarmun á stjórn málaumræðu og umræðu um önnur málefni, er varða almenning.²¹ Íslenska ríkið hafði haldið því fram í málflutningi sínum fyrir dómnum, að hin rúmu mörk leyfilegrar gagnrýni á sviði stjórn málaumræðu giltu ekki að sama marki um umræðu á sviði almennra málefna, er varða almannahag.²²

Af dómum dómstólsins sést, að mörk leyfilegrar gagnrýni fara mjög eftir því að hverjum gagnrýnin beinist. Lengst verður talið leyfilegt að ganga í gagnrýni á ríkisstjórn, þá á stjórn málamenn og aðra valdaaðila í þjóðfélaginu, en skemmst í gagnrýni á almenna borgara.

Um gagnrýni á ríkisstjórn má sérstaklega vitna til dómsins í

máli Castells gegn Spáni, þar sem sagði meðal annars: „Takmörk leyfilegrar gagnrýni eru rýmri, þegar ríkisstjórnin á í hlut heldur en þegar gagnrýnin beinist að óbreyttum borgara eða jafnvel að stjórn málamanni. Í lýðræðislegu þjóðfélagi hljóta athafnir eða athafnaleysi ríkisstjórnarinnar að vera háð gaumgæfilegri skoðun, ekki aðeins af hálfu löggjafans og dómsyfirvalda, heldur einnig af hálfu blaðanna og almenningsálitsins. Ennfremur gerir sú yfirburðaðstaða, sem ríkisstjórnin nýtur, það að verkum, að henni er nauðsynlegt að sýna varkárni í að grípa til höfðunar refsímála, sérstaklega þegar hún á völ á öðrum leiðum til þess að svara óréttmætum ásökunum og gagnrýni andstæðinga sinna eða fjölmiðla.“²³ Með þessum orðum er uglaust vísað til þess, að ráðamönnum beri öllu jöfnu fremur að svara fyrir sig og taka þátt í opinberum umræðum heldur en leita til dómstóla og krefjast refsídóma yfir gagnrýnendum. Þó að ríkisstjórnir verði þannig að láta ýmislegt yfir sig ganga, kom einnig fram í dómnum, að frelsi til stjórn málaádeilu væri engan veginn altækt í eðli sínu og að ríkisvaldið gæti með viðeigandi og hóflegum hætti brugðizt við meiðandi ásökunum, sem eiga sér enga stoð eða settar eru fram í slæmri trú.²⁴

Um gagnrýni á stjórn málamenn sagði meðal annars svo í dómi Mannréttindadómstólsins í málinu Oberschlick gegn Austurríki: „Takmörk leyfilegrar gagnrýni eru því rýmri, þegar í hlut á stjórn málaaður, sem kemur fram í sínu opinbera hlutverki, heldur en þegar í hlut á óbreyttur borgari. Hinn fyrrnefndi hlýtur óhjákvæmilega og meðvitað að selja sig undir nákvæma skoðun allra orða sinna og gerða bæði af hálfu blaðamanna og alls almennings, og hann verður að sýna meira umburðarlyndi, einkallega þegar hann opinberlega lætur falla ummæli, sem kalla á gagnrýni.“²⁵

Í niðurlagsorðum þessarar tilvitnunar kemur fram, að tilefnið til gagnrýni á stjórn málamann skiptir verulegu máli, og þetta sjónarmið hefur komið fram í fleiri úrlausnum mannréttindastofnananna. Stjórn málaaður, sem ögrar samborgurum sínum með umdeildum eða umdeilanlegum skoðunum, hlýtur að verða berskjaldaður fyrir sterkum viðbrögðum blaðamanna og almennings.

Umfjöllun, er varðar einkahagi stjórn málamanna, getur eftir atvikum einnig verið leyfileg, ef almenningur er talinn hafa lögmæta hagsmuni af því, að um slíka einkahagi sé fjallað opinber-

lega, sbr. málið Schwabe gegn Austurríki.²⁶ Almenna reglan er þó sú, að stjórnmalamenn njóta sama réttar til friðhelgi um einkahagi sína og aðrir þjóðfélagsborgarar.²⁷

Gagnstætt hinum víðu mörkum til gagnrýni og ádeilu á stjórnmalamenn og fleiri slíka aðila í sínu opinbera hlutverki liggja svo miklu þrengri mörk til persónulegra árása á samborgarana. Af dómum Mannréttindadómstólsins má hér nefna mál Barfod gegn Danmörku, en í því máli hafði blaðamaður farið óvirðingarorðum um ólöglærða meðdómendur í skattamáli jafnframt því sem hann gagnrýndi sérstaklega samsetningu dómstólsins í málinu. Mannréttindadómstóllinn taldi, að ummælin, sem sneru að meðdómsmönnum sérstaklega, gætu ekki talizt vera þáttur í stjórn málaumræðu eða gagnrýni á röksemdir dómsins, heldur meiðandi aðdróttun á hendur meðdómendunum persónulega, sem væri til þess fallin að hnekkja virðingu þeirra og væri fram sett án nokkurra sannana.²⁸

MÁLEFNALEGUR TILGANGUR ÞYÐINGARMIKILL

Tilgangur þess, sem setur fram gagnrýni, skiptir miklu máli við matið á því, hvort harðorð ummæli teljast fara út fyrir mörk leyfilegrar gagnrýni eða ekki. Þetta kom til dæmis skýrt fram í Þorgeirsmálinu, en Þorgeir Þorgeirson skrifaði, eins og kunnugt er, tvær greinar í *Morgunblaðið* í desembermánuði 1983 um meint lögregluofbeldi í Reykjavík. Fyrir Mannréttindadómstólnum hélt íslenska ríkið því fram, að megintilgangur greina-skrifa Þorgeirs hafi verið sá að skaða álit manna á Reykjavíkurlögreglunni í heild. Þessu hafnaði Mannréttindadómstóllinn, meðal annars með vísan til þess, að ekki væri unnt að telja að með gagnrýni sinni væri hann að ráðast á alla lögreglumenn eða tiltekna lögreglumenn í lögregluhlíði Reykjavíkur. Í fyrri grein Þorgeirs hefði komið fram, að hann teldi „tiltölulega fáa einstaklinga“ eiga hlut að máli og væntanlega myndi óhlutdræg rannsókn leiða í ljós, að aðeins lítill hópur lögreglumanna ætti í hlut. Þegar fyrri greinin er lesin með þessi atriði í huga, segir dómstóllinn, staðfesta þau það, sem kærandi, það er Þorgeir, heldur fram, að megintilgangur hans hafi verið að hvetja dómsmálaráðherra til þess að skipa sjálfstæða og óvilhalla nefnd til að rannsaka kvartanir um ofbeldi af hálfu lögreglu.²⁹ Loks

sagði dómstóllinn: „Efni greinanna varðaði, svo sem reyndar var óumdeilt, málefni, sem varðar almenning mjög miklu. Það er rétt, að í báðum greinunum er tekið afar sterklega til orða. Þrátt fyrir það telur dómstóllinn, að þegar hliðsjón er höfð af tilgangi þeirra og þeim áhrifum, sem þeim var ætlað að ná, verði ekki talið, að það orðfæri, sem notað var, hafi keyrt úr hófi fram.“³⁰

Þetta sama sjónarmið, að leyfilegt sé að brýna nokkuð raustina og taka sterkt til orða, þegar virðingarverður tilgangur býr að baki gagnrýni eða ádeilu, hefur hlotið náð fyrir augum mannréttindastofnana Evrópuráðsins í allmörgum tilvikum öðrum.

Í dómi Hæstaréttar, H 1995.752: Pétur Pétursson gegn Ásgeiri Ólafssyni o.fl., var lofsverður tilgangur ummæla ásamt öðrum atriðum látinn valda sýknu, þó að rétturinn hafi á það fallizt, að ummælin hafi verið „nokkuð harkaleg og falið í sér of mikla alhæfingu“, eins og rétturinn orðaði það. Hæstiréttur sagði í lok forsendna sinna: „Niðurstaða framangreinds er því sú, að líta verður til þess brýna tilefnis, sem var til þess að vara við misnotkun hormónalyfja í íþróttum, til grundvallarreglna um tjáningarfrelsi og til þess, hve ummæli áfrýjanda [Péturs Péturssonar læknis] eru almenns eðlis og beinast að stórum hópi manna.“

Loks má hér nefna dóm Hæstaréttar frá 4. desember 1997 í málinu: Ákærvaldið gegn Hrafn Jökulssyni. Í grein, sem Hrafn skrifaði í *Alþýðublaðið* í marzmánuði 1996, deildi hann sérstaklega á tiltekin atriði í störfum Fangelsismálastofnunar, einkum hvað varðar meðferð og aðbúnað fanga á Litla-Hrauni. Í niðurlagi greinarinnar sagði Hrafn, að forstjóri Fangelsismálastofnunar, sem hann nafngreindi, væri ekki fangelsismálastjóri, heldur „glæpamannaframleiðandi ríkisins,“ og var ákært út af þessum ummælum. Í rökstuðningi Hæstaréttar fyrir sýknu af ákærinni sagði svo: „Greinin snýr að samfélagslegu málefni, sem eðlilegt er að komi til almennrar umræðu. Í slíkri umræðu verða stjórnvöld að þola að gagnrýni sé beint að þeim, þótt orðfæri í því sambandi kunni að verða hvasst. Ákærði kaus að fara þá leið í grein sinni að nafngreina tvívegis forstjóra Fangelsismálastofnunar. Hvað sem líður mati á hvort sá háttur á skrifum ákærða hafi verið víðeigandi verður ekki lítið framhjá því að meginefni greinarinnar varðaði störf stofnunarinnar, sem forstjórinn veitti forstöðu, en um persónu hans var þar ekki fjallað. Hann verður að sæta því að stofnunin hafi verið samsömuð honum með notkun nafns hans eins og hér var gert í almennri umræðu.“

Röksemdirnar í dómi Hæstaréttar eru vissulega að flestu leyti kunnuglegar. Sérstaklega er bent á tilganginn með skrifunum, það er gagnrýni á meðferð og aðbúnað fanga. Ennfremur er byggt á því sjónarmiði, að í umræðum um almenn málefni eigi stjórnvöld ekki að vera um of uppnæm fyrir gagnrýni, þótt fast sé að orði kveðið, eins og fjallað hefur verið um hér að framan. Veikasta atriðið í vörn ákærða var tvímælalaust það, að hin átöldu ummæli beindust að nafngreindum embættismanni, og verður ekki betur séð en Hæstiréttur hafi í raun og veru talið ummælin óviðeigandi. Það var þó látið ráða úrslitum um refsileysi ummælanna, að ekki var í grein ákærða fjallað um persónu embættismannsins, heldur störf þeirrar stofnunar, sem hann veitti forstöðu, og verði því embættismaðurinn að sæta því, að í almennri umræðu hafi stofnunin verið tengd honum eða hann tengdur við stofnunina, eins og gert var í greininni. Samkvæmt rökstuðningi Hæstaréttar voru atvik hér því frábrugðin málsatvikum í dómi Mannréttindadómstólsins í málinu Barfod gegn Danmörku, en í síðargreinda málinu var talið um að ræða persónulega árás á tvo meðdómendur í dómsmáli og dómur yfir blaðamanninum því talinn réttlætunlegur.³²

HEILDARMAT Á UMMÆLUM OG ÖLLUM ATVIKUM

Það er meðal annars athyglisvert, að mannréttindastofnanir Evrópuráðsins virðast sjaldnast velta mikið fyrir sér einstökum orðum eða ummælum, sem meiðandi hafa verið talin af dómstólum aðildarríkjanna, að minnsta kosti ekki einangrað. Mannréttindadómstóllinn metur jafnan málið í heild, þar á meðal efni þeirra greina, sem hin átöldu ummæli eru birt í, hvort með skrifum er verið að efna til umræðna í þjóðfélaginu um þýðingarmikil málefni, sem og öll önnur málsatvik.³³ Oftast er það svo, að samkvæmt hefðbundnum skilningi í okkar gömlu lögfræði teljast ummælin meiðandi. En Mannréttindadómstóllinn metur ummælin í enn ríkara mæli en jafnan hefur verið gert í íslenskri lögfræði eftir því samhengi, sem þau eru sögð í, til dæmis sem liður í hörðum deilum, og með hliðsjón af því, hvert tilefni og tilgangur ummælanna er, eins og áður var minnt á. Inn í lokamatið kemur síðan alltaf tillitið til meðalhöfslunnar.

Að framan hefur verið stiklað á nokkrum atriðum úr dómum Mannréttindadómstóls Evrópu um skoðana- og tjáningarfrelsi — og í sumum tilvikum gerður nokkur samanburður við dóma Hæstaréttar frá síðustu árum. Verður ekki betur séð en ágætt samræmi sé nú orðið milli sjónarmiða mannréttindastofnana Evrópuráðsins og Hæstaréttar Íslands í þeim efnum, sem á hefur reynt.

NÝ LAGASJÓNARMÍÐ FENGIÐ FÓTFESTU Í ÍSLENZKUM RÉTTI

Ekki er að efa, að á komandi árum muni íslenzkir lögfræðingar mjög líta til þeirra sjónarmiða og stefnuýfirlýsinga, sem koma fram í úrlausnum mannréttindastofnananna, bæði varðandi skoðana- og tjáningarfrelsi og mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar í heild. Af þessu mun meðal annars leiða, að þegar lögmenn og dómara hafa til dæmis í meiðyrðamálum komið að þeirri niðurstöðu, að ummæli geti út af fyrir sig talizt meiðandi, þá þurfa þeir að hyggja að því sérstaklega, hvort skoðana- og tjáningarfrelsisákvæðin standi því allt að einu í vegi, að viðurlög verði fyrir þau dæmd. Samkvæmt eldri dómaframkvæmd var prentfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar sjaldnast sýnd slík tillitssemi, svo að hér er orðin mikil breyting á.

Af hinum nýju réttarákvæðum og lagaviðhorfum leiðir einnig, að óvíst verður um raunverulegt fordæmisgildi eldri dóma innlendra, til dæmis í meiðyrðamálum. Þetta verður að meta hverju sinni. Einhverjir hinna eldri dóma halda trúlega gildi sínu, en aðrir halda sína leið inn í réttarsöguna, eins og gengur, þegar ný lög og ný lagasjónarmið leysa önnur eldri af hólmi.

(Grein þessi er að verulegu leyti byggð á erindi, sem flutt var á fundi Lögfræðingafélags Íslands hinn 30. október 1997.)

HEIMILDIR

1. 10. grein mannréttindasáttmála Evrópu er svohljóðandi í íslenskri þýðingu:

„1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.“
2. Sjá í þessu sambandi 60. gr. og 17. gr. mannréttindasáttmálans, en þær hljóða svo:


„60. gr. Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að það takmarki eða rýri nokkur þau mannréttindi og mannfrelsi sem tryggð kunna að vera í löggjöf aðila samnings þessa eða með öðrum samningi sem hann er aðili að.“

„17. gr. Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að í felist hinn minnsti réttur til handa ríki, samtökum eða einstaklingum til að takast á hendur eða aðhafast nokkuð það sem miðar að því að eyða réttindum þeim einhverjum og frelsi, sem þar er lýst, eða að því að takmarka þau umfram það sem samningurinn kveður á um.“
3. Sjá til dæmis málin Observer og Guardian gegn Stóra Bretlandi, Series A, Vol. 216, bls. 30, § 60 (1991) og Sunday Times (nr. 2) gegn Stóra Bretlandi, Series A, Vol. 217, bls. 29–30, § 51 (1991).
4. Í umræðum fyrir samþykkt stjórnarskrárbreytinganna árið 1995 kom fram, að margir töldu rétt að setja í 73. grein stjórnarskrárinnar óbreytt að orðalagi það skilyrði 10. greinar mannréttindasáttmálans, að nauðsyn yrði að bera til takmörkunar á tjáningarfrelsi í „lýðræðislegu þjóðfélagi“. Aðrir virðast hafa óttast að með því að taka upp óbreytt orðalag 10. greinar sáttmálans hefði þingið ekki jafnfrjalsar hendur og ella til setningar löggjafar til dæmis um bann við ofbeldiskvikmyndum og um bann við tóbaksauglýsingum. Í nefndaráliði stjórnarskrárnefndar þingsins sagði meðal annars: „Ólík sjónarmið hafa komið fram um hvort núverandi takmarkanir á tjáningarfrelsi séu nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi, t.d. fyrrnefnd ákvæði um kvikmyndaefurlit og bann við tóbaksauglýsingum o.fl. Nefndin telur hins vegar mikilvægt að á því leiki enginn vafi að löggjafinn hafi ekki heimild til þess að lögbinda skorður við tjáningarfrelsi sem gætu reynst hættulegar lýðræðislegri umræðu í þjóðfélaginu. Til þess að rúma þessi sjónarmið leggur nefndin til að farið verði bil beggja og kveðið verði á um að takmörkunin verði að samrýmast lýðræðislegum hefðum. Við lagasetningu verður síðan að meta

hvort takmarkanir á tjáningarfrelsi séu í samræmi við lýðræðishefðir í þjóðfélaginu og að sjálfsgöðu eiga dómstólar lokaorðið um það atriði ef til þeirra kasta kemur.“

5. Sjá til dæmis málið Observer og Guardian gegn Stóra Bretlandi, Series A, Vol. 216, bls. 30, § 59(d), (1991).
6. Sjá til dæmis Sunday Times málið, Series A, Vol. 30., bls. 42, § 67 (1979).
7. Sjá til dæmis Soeringmálið, Series A, Vol. 161, bls. 34, § 87 (1989).
8. Sjá til dæmis um 10. grein málið Observer og Guardian gegn Stóra Bretlandi, Series A, Vol. 216, bls. 30, § 59(a), (1991).
9. Sjá til dæmis vísanir Hæstaréttar til dóma Mannréttindadómstólsins í H 1990.92 og H 1995.1444.
10. Series A, Vol. 171 (1990).
11. Series A, Vol. 239 (1992).
12. Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1988, bls. 45–46.
13. Series A, Vol. 24, bls. 23, § 49 (1976).
14. Series A, Vol. 103, bls. 26, § 41 (1986).
15. Series A, Vol. 103, bls. 26, §§ 41 og 42.
16. Series A, Vol. 103, bls. 27, § 44.
17. Til dæmis í máluum Lingens gegn Austurríki, Series A, Vol. 103, bls. 28, § 46, og Oberschlick gegn Austurríki, Series A, Vol. 204, bls. 27, § 63 (1991).
18. Series A, Vol. 103, bls. 28, § 46.
19. Series A, Vol. 149, bls. 14, § 33 (1989).
20. Series A, Vol. 313, bls. 18–19, §§ 37 og 38 (1995).
21. Series A, Vol. 103, bls. 26, § 42.
22. Series A, Vol. 239, bls. 27, § 64.
23. Series A, Vol. 239, bls. 25–26, § 61(a).
24. Series A, Vol. 236, bls. 23–24, § 46 (1992).
25. Series A, Vol. 236, bls. 24, § 46.
26. Series A, Vol. 204, bls. 26, § 59 (1991).
27. Series A, Vol. 242, bls. 33, § 32 (1992).
28. Sjá til dæmis málin Lingens gegn Austurríki, Series A, Vol. 103, bls. 26, § 42, og Oberschlick gegn Austurríki, Series A, Vol. 204, bls. 26, § 59.
29. Series A, Vol. 149, bls. 14, § 35 (1989). Ekki verður séð af málavaxtalýsingu Mannréttindadómstólsins, að Barfod hafi nafngreint meðdómsmennina, sjá bls. 8, § 9, en auðvitað hefur það verið alkunna í litlu samfélagi (Grænlandi), hverjir þeir voru.
30. Series A, Vol. 239, bls. 28, § 66.
31. Series A, Vol. 239, bls. 28, § 67.
32. Series A, Vol. 149, bls. 13–14, § 33 (1989).
33. Sjá til dæmis málin Observer og Guardian gegn Stóra-Bretlandi, Series A, Vol. 216, bls. 30, § 59(d), og Oberschlick gegn Austurríki, Series A, Vol. 204, bls. 26–27, § 61.

Handb.
814
Afm



AFMÆLISRIT

DAVÍÐ ODDSSON

FIMMTUGUR

17. JANÚAR 1998

Guðni Thóroddsson



BÓKAFÉLAGIÐ

Reykjavík, 17. janúar 1998